

Allt þar til Jóhanna Sigurjónsdóttir steig fram í hádegisfréttum RÚV taldi ég líklegast að þessar upplýsingar væru frá brotapolu, eða réttargæslumanni brotapolu komnar, annaðhvort beint eða í gegnum þriðja mann. Svo virðist ekki vera. Það sér það hins vegar hver heilvita maður að ég get ekki verið heimildarmaður Fréttablaðsins. Í fyrsta lagi hafði ég enga vitneskju um þetta mál fyrr en ég var ráðinn til að gæta hagsmuna annars kærðu á mánudaginn kl. 17:00. Þá var Fréttablaðið þegar búið að birta forsíðufrétt sína um íbúðina sem var útbúin til nauðgana. Í öðru lagi þá sést það á fréttinni sem birtist í morgun að blaðamaður Fréttablaðsins hringir í mig í gær til þess að bera undir mig fréttina og vísa ég því á bug að hún sé sannleikanum samkvæmt. Það símtal átti sér stað kl. 20:00 í gærkvöldi. Í þriðja lagi er ég búinn að vera í öllum fjölmiðlum að bera fréttflutning Fréttablaðsins til baka og segja að hann sé rangur. Hvers vegna í ósköpum ætti ég líka að fóðra Fréttablaðið á upplýsingum/gögnum sem koma umbj. mínum illa. Þessi málatilbúnaður Jóhönnu Sigurjónsdóttur dæmir sig því sjálfur auk þess sem þetta er órökstuddar dylgjur sem eiga sér enga stöð í þeim lagabálkum sem hún vísar til, enda getur hún það ekki því það hafa engin lög verið brotin.